

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi, Norðurþingi.

Á fundi sveitarstjórnar Norðurþings 20. mars 2018 var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni. Í deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir stækkun lóðar við seiðastöð, stækkun byggingarreits fyrir eldisker til að rúma allt að 16 ný fiskeldisker í landi. Skilgreindur er byggingarreitur undir nýja seiðastöð og skilgreint svæði í innra lóninu þar sem heimilt verði að staðsetja eldiskvíar.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 2. maí 2018.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 17. maí 2018